

## **219. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn 18. nóvember 2022 kl. 13:30**

Mætt: Ásrún Aldís Hreinsdóttir (fulltrúi nemenda), Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Kristjana Sigríður Skúladóttir (fulltrúi kennara), Olga Líska Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Gestur: Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

### **Dagskrá:**

1. Rekstraráætlun fyrir 2023 - HE
2. Brottfall á hausti – SMS (í fjarveru BEB)
3. Innleiðing farsældarlaga - OLG
4. Kennsluskipting/ráðningar - OLG/SMS
5. Önnur mál ?

Formaður setur fundinn.

**1. Rekstraráætlun fyrir 2023** – fjármálastjóri fór yfir rekstraráætlun næsta árs. Gert ráð fyrir áframhaldandi halla en þó margt óljóst. Staðan fyrir árið 2022 er 93 milljón króna halli. Ekki rétt gefið fyrir rekstur ársins 2022 og enn ekkert komið vegna tilfærslu garðyrkjunámsins til FSu sem hefur kostað um 75 milljónir króna (launakostnaður, kostnaður við endurnýjun tækjabúnaðar). Þá er aukinn kostnaður við kennslu í fangelsum en framlagið frá hinu opinbera hefur ekki verið í samhengi við umfang starfseminnar þar. Miðað við óbreyttar forsendur þarf að skera niður starfseminna þar. Ljóst að það mun vekja umtal.

Umræður um stöðuna á tilfærslu garðyrkjunámsins til Fjölbrautaskólans. Framtíðarhópur hefur fundað nokkrum sinnum. Enn er ekki búið að tæma rými í tilraunahúsinu sem hefur verið í útleigu en vonandi verður það orðið tomt í byrjun næsta árs. Hópur nemenda og starfsmanna hefur sett upp grind fyrir nýtt gróðurhús á Reykjum sem verður vonandi fullklárað á næstu önn.

**2. Brottfall á hausti** – aðstoðarskólameistari fór yfir nokkrar tölur um brotthvarf nemenda frá námi síðustu haustanna. Meðal þess sem kom fram var að hlutfall nemenda sem hefur horfið frá námi á haustönn 2022 er lægra en síðustu haustanna á undan.

Umræða um tölurnar og mögulegar ástæður fyrir þróuninni.

**3. Innleiðing farsældarlaga** – skólameistari sagði frá innleiðingu nýrra farsældarlaga. Nýlega barst skipunarbréf varðandi það að FSu sé einn af þeim skólum sem á að vera með sérstaka áherslu á innleiðingu þjónustunnar í samvinnu við sveitarfélag sem er leiðandi í þessari innleiðingu (Árborg). Búið er að skipa verkefnastjóra í ráðuneytinu sem veitir skólunum stuðning í þessari vinnu.

Ljóst er að staða sveitarfélaga sem eru á svæðinu eru með ólíkum hætti hvað varðar innleiðingu á þessum lögum og þeirri þjónustu sem þau veita nemendum skólans.

Skólinn hefur fengið staðfestingu á fjármagni sem fæst til að sinna þessari þjónustu innan skólans núna á haustönn.

Umræða um stöðuna í hinum ýmsu sveitarfélögum á Suðurlandi.

**4. Kennsluskipting/ráðningar** – skólameistari og aðstoðarskólameistari fóru yfir stöðuna í skipulagi næstu annar hvað varðar kennsluskiptingu og ráðningar nýrra kennara.

Mögulega þarf að ráða nýjan kennara á húsasmíðabraut vegna mikils fjölda á lokaönninni og mögulega í fleiri deildum.

Stjórnendur hafa átt samtál við stjórnendur ML um einhvers konar samstarf um ráðningu skólasálfræðings. Þá þarf einnig að ráða inn einstakling/einstaklinga sem mun sjá um forvarnar- og félagslífsmál.

#### **5. Önnur mál:**

- Fulltrúi foreldra lagði fram áskorun til skólameistara að senda hvatningu á grunnskólana á svæðinu að sjá til þess að nauðsynleg gögn um nemendur berist til skólans.

- Umræða um stöðu nemanda gagnvart háskólanámi að loknu námi á framhaldsskólastigi. Stytting námsins hefur klárlega haft neikvæð áhrif á undirbúning nemenda fyrir frekara nám.

- Formaður skólanefndar las upp minnisblað frá vinnuhópi um framtíð heimavistar við skólann. Niðurstaðan er sú að mikilvægt sé að heimavist verði áfram í boði til framtíðar við skólann. Hópurinn mun funda með ráðherra 1. desember nk.

- Umræða um mögulega stækkun á verknámshúsinu. Mikilvægt að hefja viðræður við ráðherra sem fyrst.

- Sagt frá vinnu við uppfærslu á heimasíðu skólans sem nú er í gangi. Verður kynnt á næsta fundi skólanefndar.

Næsti fundur verður föstudaginn 10. febrúar kl. 13:30.

Fundi slitið kl. 15:15

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.